

Miðvikudaginn 31. október 1984.

Nr. 47/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Þorsteini Hreggviðssyni

(Örn Clausen hrl.)

Ólöglegur innflutningur áfengis og sala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdóm kvað upp Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 25. janúar 1984. Er málinu einnig áfrýjað af ákærvaldsins hálfu til þyngingar refsingu, en að öðru leyti krefst ríkissaksóknari staðfestingar dómsins. Ágrip barst Hæstarétti 17. apríl 1984.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af ákæru fyrir það atferli, sem greint er í V. lið ákæru en að öðru leyti er krafist lækkunar refsingar.

Í héraði var mál þetta höfðað gegn sjö mönnum, en ákærði einn hefur óskað áfrýjunar þess.

I.

Um ákæruefni skv. V. lið ákæru.

Ákærði er í héraðsdómi réttilega sakfelldur fyrir kaup á áfengi því, er greinir í þessum lið ákæru, og gat honum ekki dulist, að það var ólöglega flutt til landsins. Háttsemi hans varðar við þau refsíákvæði, sem greinir í ákæru, en rétt er einnig að vísa við 71. gr. laga nr. 59/1969 til 2. gr. laga nr. 71/1976. Eigi verður talið, að brot þetta sé fyrnt.

II.

Um ákæruefni skv. VI. og VII. lið ákæru.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara um þessi ákæruefni. Athæfi ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr. og

71. gr. laga nr. 59/1969, sbr. 2. gr. laga nr. 71/1976 svo og 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, en 5. gr. laga nr. 52/1978, er breytir 33. gr. áfengislaga, verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákvæði 1. mgr. 1. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 63/1969 verður eigi beitt, þar sem ákvæði þeirra laga, sem brotin varða við skv. framansögðu, tæma sök.

III.

Um viðurlög og sakarkostnað.

Refsingu ákærða skv. framangreindum refsímælum ber að ákveða með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga, og um refsí-ákvörðun vegna brota, sem hann er sakfelldur fyrir í II hér að framan, ber að vísa til 2. mgr. 70. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30.000.00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 35 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Í ákæru var höfð uppi krafa um eignarupptöku, en henni var eigi sinnt í héraðsdómi. Er krafist staðfestingar á dóminum af hálfu ákæruvalds, svo sem að framan greinir. Kemur krafan eigi til álita í Hæstarétti.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 10.000.00 krónur.

Meðferð máls þessa í héraði hefur að nokkru farið aflaga. Samkvæmt dómsgerðum háði héraðsdómari síðast dómþing í máli þessu hinn 12. júní 1979, en eigi er neitt bókað um framlagningu varnar né um dómtöku málsins, sbr. 1. mgr. 125. gr. laga nr. 74/1974. Dómur er kveðinn upp hinn 29. desember 1980, en engin grein er gerð fyrir því, hvað valdið hafi þessum mikla drætti á dómsuppsög- unni, svo sem boðið er í 165. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 3. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936. Enn er þess að geta, að héraðsdómari afgreiðir eigi dómsgerðir til ríkissaksóknara fyrr en með bréfi 21. desember 1982, andstætt ákvæðum 3. mgr. 177. gr. laga nr. 74/1974, og er engin grein gerð fyrir því, hverju þessi töf sæti. Eru þessi afbrigði frá réttum réttarfarsreglum aðfinnsluverð.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorsteinn Hreggviðsson, sæti 30.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi í hennar stað 35 daga varðhald, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skulu vera óröskuð að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarn-
arlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlög-
manns, 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. desember 1980.

Ár 1980 mánudaginn 29. desember, er á dómþingi sakadóms Reykja-
víkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birgi Þormar, fulltrúa yfirsakadómará,
kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 689-695/1980: Ákærvaldið gegn
J, Á, Þorsteini Hreggviðssyni, SH, D, B og SE.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. apríl 1979,
„fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur eftirgreindum mönnum fyrir áfengis-
og tolllagabrot framin á árinu 1977 svo sem rakið er:

— — —
3. Þorsteini Hreggviðssyni, stýrimanni, Sigtúni 35, Reykjavík, fæddum
31. janúar 1950 á Neskaupstað.

V.

Gegn ákærða Þorsteini Hreggviðssyni einum er málið höfðað fyrir að
hafa í síðari hluta máí keypt 45 lítra af 75% vodka af meðákærða J í
Reykjavík, sbr. IV. lið.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 61. gr., sbr. 71. gr. laga nr.
59, 1969, sbr. 1. gr. laga nr. 71, 1976.

VI.

Gegn ákærðu J, Þorsteini og SH er málið höfðað fyrir að hafa flutt 240
lítra af Potemkin vodka 75% hingað til lands frá útlöndum með m.s. Laxá
við komu skipsins til Reykjavíkur 27. júní, en áfengi þetta, sem þeir þykja
hafa ætlað til sölu hér á landi, keyptu þeir sameiginlega í Hamborg og
áttu að jöfnu og földu síðan í lest skipsins.

Telst þetta varða við 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr., og 71. gr., laga nr. 59, 1969, 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga og 1. mgr. 1. gr., sbr. 15. gr., laga nr. 63, 1969.

VII.

Gegn ákærðu J, Á, Þorsteini, SH og D er málið höfðað fyrir að hafa í framangreindri ferð m.s. Laxár, sbr. VI. lið, flutti hingað til lands a.m.k. 78 flöskur (58.5 lítra) af Potemkin vodka 75%, sem ákærðu keyptu í Hamborg og földu síðan um borð í skipinu.

— — —
 Ákærði Þorsteinn seldi sinn hluta af áfenginu, 12 flöskur, 28. júní ótilgreindum manni við Sjómannaskólann í Reykjavík á kr. 3000 hverja flösku.

— — —
 Teljast brot allra ákærðu í þessum lið varða við 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr. og 71. gr. laga nr. 59, 1969, 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga og 1. mgr. 1. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 63, 1969, en brot ákærðu J, D, Þorsteins og SH auk þess við 2. mgr. 61. gr. laga nr. 59, 1969.

VIII.

Þess er krafist, að ákærðu verði allir dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar svo og sæti ákærðu J, Á, D, Þorsteinn og SH upptöku hver á sínum hluta andvirðis hins selda smyglvarnings samkvæmt 2. mgr. 72. gr. laga nr. 59, 1969.“

Málavextir.

Með bréfi tollgæslustjóra, dagsettu 5. desember 1977, sendi hann rannsóknarlögreglustjóra ríkisins gögn frá vesturþýskum tollyfirvöldum, sem bentu til þess, að tilteknir skipverjar á m.s. Laxá hefðu keypt verulegt magn af áfengi í Hamborg í níu ferðum skipsins frá janúar til september 1977. Mál þetta var rannsakað af tollgæslunni í Reykjavík og Rannsóknarlögreglu ríkisins. Verða nú málsatvik rakin í sömu röð og í ákæru samkvæmt skýrslum Rannsóknarlögreglu ríkisins, tollgæslunnar, framburði ákærðu fyrir dómi og öðrum gögnum málsins.

IV.

— — —
 Þeir ákærðu J og Á keyptu saman 100 lítra af Potemkin vodka 75%. Áfengið áttu þeir að jöfnu, og fór það um borð í m.s. Laxá þann 5. maí 1977. Þeir földu áfengið í blásara, sem blæs heitu lofti inn í íbúðirnar í skipinu. Áfengið var síðan flutt í land í Reykjavík, eftir að skipið kom þangað 16. maí. J seldi meðákærða Þorsteini Hreggviðssyni 45 lítra. Að

sögn Þorsteins borgaði hann 3.000 krónur fyrir hvern lítra, en J minnti, að hann hefði fengið 3.500 krónur fyrir hvern lítra. Á kveðst hafa notað 25 lítra til eigin neyslu, en afganginn seldi hann mönnum, sem hann ekki tilgreindi, og var söluverðið 3.000 krónur fyrir hvern lítra.

Telja verður sannað með framburði ákærðu og öðrum gögnum, að þeir hafi gerst sekir um háttsemi, sem greind er í þessum ákærulið og þar er rétt færð til refsíákvæða. Lagt verður til grundvallar, að ekki er sannað, að J hafi fengið meira en 3.000 krónur fyrir hvern lítra.

V.

Svo sem áður var greint, keypti ákærði Þorsteinn Hreggviðsson 45 lítra af meðákærða J af Potemkin vodka 75%, sem kom til landsins með m. s. Laxá 16. maí 1977. Kaupverðið var að sögn Þorsteins 3.000 krónur fyrir hvern lítra. Þorsteinn kveðst hafa verið að ljúka prófi frá Stýrimannaskól- anum ásamt 20 öðrum um þetta leyti. Var safnað í sjóð peningum til áfeng- iskaupa vegna þessa tilefnis, en ákærði Þorsteinn sá um áfengiskaup. Ofan- greint áfengismagn var notað í veisluhöld hjá þeim skólafélögunum að mestu, en afgangurinn skiptist milli manna, og kvaðst ákærði ekki vita, hve mikið hver þeirra fékk.

Telja verður sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann hafi gerst sekur um það athæfi, sem honum er gefið að sök í þess- um lið ákærunnar og þar er rétt fært til refsíákvæða.

VI.

Samkvæmt afgreiðsluseðli nr. A 66555 frá fyrirtækinu Georg P. Möller, Schiffsausrüstung, Hamborg, dagsettum 14. júní 1977, fóru 240 lítrar af Potemkin vodka 75% um borð í m.s. Laxá. Upplýst er, að notað var falskt nafn til að kvitta fyrir móttöku varningsins, og var það ákærði J, sem það gerði. Áfengi þetta keypti hann ásamt þeim meðákærðu Þorsteini og SH, og áttu þeir áfengið að jöfnu. Á leiðinni til Íslands var áfengið falið neðst í lest skipsins. Það var ekki tekið í land við komu skipsins til Reykjavíkur 27. júní. Áður en skipið fór frá Reykjavík, töluðu þeir þremmingarnir um að henda þessu áfengi í sjóinn vegna mikillar tollgæslu. Varð það úr, að þeir SH og Þorsteinn hentu þessum 240 lítrum í sjóinn á leið skipsins frá Reykjavík til Ísafjarðar.

Telja verður sannað með játningum ákærðu, að þeir hafi gerst sekir um þá háttsemi, sem greind er í þessum ákærulið og þar er rétt færð til refsí- ákvæða.

VII.

Samkvæmt framburði þeirra ákærðu J, Á, Þorsteins, SH og D voru 78 flöskur af Potemkin vodka 75%, um borð í m.s. Laxá við komu skipsins

til Reykjavíkur 27. júní 1977, en áfengi þetta höfðu þeir keypt í Hamborg og falið síðan í lest skipsins. Áfengi þetta fóru þeir með á land, þegar komið var til Reykjavíkur.

— — —
Eignarhluti Þorsteins var 12 flöskur. Hann kveðst hafa selt þær ótilgreindum manni fyrir 3.000 krónur flöskuna.

Telja verður sannað samkvæmt játningum ákærðu og öðrum gögnum málsins, að þeir hafi gerst sekir um þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í VII. kafla ákærunnar og er þar rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

— — —
Ákærði Þorsteinn Hreggviðsson:

- 1967 2/6 Reykjavík: Dómur: Varðhald í 2 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga.
- 1976 12/5 Hafnarfirði: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 12/5 1976.
- 1976 27/12 Hafnarfirði: Sátt, 170.000 kr. sekt fyrir brot á 60. sbr. 61. gr. sbr. 1. mgr. 12. gr. l. nr. 59, 1969, sbr. 2. gr. l. nr. 71, 1976, sbr. 3. gr. og 33. l. 82, 1969, sbr. 1. og 2. mgr., sbr. 8. gr., 15. gr. l. nr. 63, 1969.

— — —
Niðurstöður.

— — —
Refsing ákærða, Þorsteins Hreggviðssonar, þykir hæfilega ákveðin 2.000.000 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa en ella sæti ákærði varðhaldi í 40 daga.

— — —
Þá J, SH, Þorstein Hreggviðsson, Á og D ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar in solidum. Þá greiði þeir J, SH, og Þorsteinn Hreggviðsson hver um sig skipuðum verjanda sínum, Erni Höskuldssyni héraðsdómslögmanni, krónur 200.000 í málsvarnarlaun.

— — —
D ó m s o r ð:

Ákærði Þorsteinn Hreggviðsson greiði krónur 2.000.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 40 daga.

— — —

Þeir J, SH, Þorsteinn Hreggviðsson, Á og D greiði allan kostnað sakarinnar in solidum. Þeir J, SH og Þorsteinn Hreggviðsson greiði hver skipuðum verjanda sínum, Erni Höskuldssyni héraðsdómslögmanni, krónur 200.000.

Miðvikudaginn 31. október 1984.

Nr. 151/1984. **Landssamband íslenskra útvegsmanna**
 gegn

landbúnaðarráðuneytinu,
jarðanefnd Snæfellsnes- og
Hnappadalssýslu,
byggingarfulltrúanum í Snæfellsnes- og
Hnappadalssýslu og
byggingarnefnd Breiðvíkurhrepps

Kærumál. Kröfugerð. Stefna. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. júlí 1984 og gert þær kröfur, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Enn fremur krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja er gerð krafa um staðfestingu hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðiljar höfðu með ýmsum hætti og á ýmsum tímum afskipti af málefni því, sem dómsmál þetta er risið af, og höfðu athafnir þeirra mismunandi gildi að lögum. Sóknaraðilja var rétt að gera í dómsmáli kröfu um, að tilteknaðgerðir varnaraðilja yrðu metnar ógildar. Sóknaraðili gerir hins vegar ekki kröfu um ógildinguna, heldur um viðurkenningu á því, að varnaraðiljar hafi „farið út fyrir lagamörk sín og beitt valdi sínu á ómálefnalegan hátt. . .“